

Skólanámskrá Leikskólans Sólvalla



Vináttu- Virðing- Vinsemd

Efnisyfirlit

1. Leikskólinn Sólvellir	1
2. Hlutverk leikskóla	1
Leiðarljós leikskóla	1
3. Grunnþættir menntunar	1
4. Hugmyndafræði leikskólans Sólvalla	1
Leiðirnar í starfinu	1
5. Leikur, nám og námsumhverfi	1
6. Kennarinn.....	1
7. Samþætt og skapandi leikskólastarf	1
8. Læsi og samskipti	1
9. Heilbrigði og vellíðan	1
10. Sköpun og menning	1
11. Mat á námi og velferð barna.....	1
12. SÉRKENNSLA/ SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA	1
Ferlimappan	1
13. Fjölskyldan og leikskólinn	1
14. Tengsl skóla og skólastiga	1
Samstarfsaðilar.....	1
15. MAT OG EFTIRLIT MEÐ GÆÐUM LEIKSKÓLASTARFS	1
Innra mat:	1
16. Að lokum	1
Ytra mat.....	1
16. Að lokum	1

1. Leikskólinn Sólvellir

Leikskólinn Sólvellir var opnaður í byrjun janúar 1977 í neðsta hluta grunnskólans. Rauðakrossdeild Grundarfjarðar í samvinnu við sveitarfélagið stóðu að því verkefni. Þá var ein deild fyrir hádegi fyrir börn 2-6 ára og önnur eftir hádegi fyrir 3-6 ára með 20 dvalarrýmum hvor. Þar var hann rekinn í tvo vetur. Í nóvember 1979 var opnaður leikskóli að Sólvöllum 1, með dvalarrými fyrir 21 barn. Einnig studdu ýmiss félög og einstaklingar við uppbygginguna og gera enn. Sveitarfélagið er búið að byggja fjórum sinnum við húsnæðið og endurnýja elsta hluta þess, það var árið 1992 og 2006 sem þeir hlutar voru teknir í notkun. Árið 2016 var byggt við fataherbergi að framanverðu. Það var til að bæta við geymslurými fyrir eldhús. Árið 2018 var byggt við fataherbergi og út í garð, en sú viðbygging var gerð til að bæta aðstöðu fyrir starfsmenn og börn.

Í byrjun árs 2016 tók bæjarstjórn Grundarfjarðar þá ákvörðun að stofna leikskóladeild fyrir fimm ára börn í húsnæði Grunnskólans undir stjórn skólastjóra Grunnskólans.

Leikskólinn Sólvellir er tveggja deilda leikskóli, og eru deildararnar aldursblandaðar. Deildarnar heita, Drekadeild og Músadeild. Leikskólinn opnar kl. 7:45 og er opinn til 16:00.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar er yfir leikskólamálum bæjarins og skólanefnd hefur umsjón með málaflöknum. Á fundum skólanefndar sitja leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi Foreldraráðs Sólvalla.

2. Hlutverk leikskóla

Grundvöllur að faglegri starfsemi Leikskólans Sólvalla eru Lög um leikskóla nr. 90/2008, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla gefin út af Menntamálaráðuneytinu árið 2011 og Skólastefna Grundarfjarðarbæjar útgefin árið 2014. Lögin, reglugerðirnar og Aðalnámskrá leikskóla er að finna á netinu: <http://menntamalaraduneyti.is/> og Skólastefnuna á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar/stjórnsýsla/stefnumótun.

Aðalnámskráin er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar ásamt sex þemaheftum um grunnþætti menntunar. Í námskrá leikskólans er lögð áhersla á að efla alhliða þroska barnsins, heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf, lífsleikni og sjálfstraust þess. Í leikskóla skal barnið ávallt vera í brennidepli, gert er ráð fyrir að barnið sé hæfileikaríkur og getumikill einstaklingur sem kann, getur og vill.

Í Aðalnámsskrá segir að hver leikskóli skuli gera sína eigin námskrá. Í fyrstu grein laga um leikskóla nr. 90/2008 segir að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins og að leikskólauppeldið sé viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Skólanámskráin á að gera starfið sýnilegt og veita yfirsýn yfir allar forsendur í starfi leikskólans. Foreldrar eiga auðveldara með að vita hvað starfið gengur út á og hvernig það er unnið. Markmið starfsins í leikskólanum er að þar fari fram metnaðarfullt starf sem skilar sjálfstæðum, ábyrgum og lífsglöðum einstaklingum út í lífið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og


skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

ÉG SJÁLF/UR.



Leiðarljós leikskóla

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna eftirfarandi leiðarljós sem eiga að vísa okkur veginn í daglegu starfi. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



3. Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Læsi: “Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á”

Lýðræði og mannréttindi: “Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.”

Jafnrétti: “Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Sköpun: “Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.”

Sjálfbærni: Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virtur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmenntin taki þátt í samfélaginu.”

Heilbrigði og velferð: „Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg, vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.”

4. Hugmyndafræði leikskólans Sólvala

Leikskólinn Sólvellir vinnur eins og fram hefur komið, eftir Aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og skólastefnu Grundarfjarðarbæjar. Leiðarljós skólastefnunnar eru samvinna, ánægja og virðing og hana má finna í heild sinni á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Einkunnarorð leikskólans Sólvala er: **VINÁTTA - VIRÐING - VINSEMD**.

Forgangsverkefni Sólvala næstu 3 - 5 árin er að innleiða Uppeldi til ábyrgðar inn í daglegt starf leikskólans.

Uppeldi til ábyrgðar hefur það markmið að ýta undir sjálfstjórn og ábyrgðarkennd barna og unglunga. Hún þjálfar börn og unglunga í að átta sig á þörfum sínum og fá þau til að tjá tilfinningar sínar, en jafnframt að setja sig í spor annarra. Hún kennir þeim sjálfstjórn og sjálfsaga og gerir þeim kleift að læra af mistökum sínum. Þessi aðferð styður einnig við starfsfólk í starfi sínu og hjálpar þeim að móta ákveðna stefnu í samskipta og agamálum. Börnum er kennd sjálfstjórn og sjálfsagi og þau fá að læra af mistökum sínum.

Kenningin gengur út frá því að við höfum öll 5 þarfir sem við leitumst við að uppfylla í daglegu lífi okkar. Samkvæmt Diane Gossen (sem er höfundur stefnunnar) þá þjónar öll okkar hegðun einhverjum tilgangi, að það sé alltaf einhver ástæða fyrir því sem við gerum, hvernig við hugsum og hvaða tilfinningar vakna hjá okkur. Tilgangurinn er að sinna þessum ákveðnu þörfum, að uppfylla þær. Þessari þarfir eru,

ÖRYGGI en það er grunnþörfin okkar. Að hafa þak yfir höfuðið, fá mat, fá aðstoð, allt sem við getum tengt við öryggistilfinninguna. Við höfum einnig þörf fyrir **ÁST OG UMHYGGJU** – að tilheyra öðrum, að elska, að þykja vænt um og að finna fyrir og upplifa vináttu. **EIGIÐ ÁHRIFAVALD** er ein þörfin, við höfum þörf fyrir að fá viðurkenningu, öðlast færni og hæfni. Við höfum þörf fyrir **FRELSI**, að finnst við hafa valmöguleika, upplifa sjálfstæði og sjálfstjórn og að lokum höfum við þörf fyrir að upplifa **GLEÐI OG ÁNÆGJU**, að hlæja, hafa gaman, læra af hvort öðru og með öðrum, að skapa og vera skapandi.



Gossen telur að uppbygging feli í sér einhvers konar endurgjald, að við þráum breytingum til batnaðar. Áherslan er ekki eingöngu á að bæta brotaþola skaðann heldur líka að sá brotlegi geti bætt fyrir mistök sín, orðið betri manneskja og gefið af sér þá góðvild sem aðrir sýna honum. Gossen talar um 5 aðferðir til stjórnunar:

1. Refsing
2. Vekja sektarkennd
3. Fortölur og gylliboða
4. Reglufesta
5. Uppbyggingarstjórnun, en þetta telur Gossen að sé álitlegasta aðferð til stjórnunar.

Við getum beitt refsingu bæði í orði og verki. Sá sem refsar notar gagnrýni, niðurlægingu, reiði eða kaldhæðni. Samkvæmt Gossen er þetta ekki leið til að börn læri eitthvað og að þau eflist ekki með því að hljóta refsingu.

Sá sem vekur upp sektarkennd predikar fyrir börnunum eða kemur með athugasemdir sem vekja sektarkennd hjá öðrum einstakling. Höfðar til gildismats hjá öðrum einstakling þannig að honum finnst hann einskis verður. Börnin fá það á tilfinninguna að þau séu slæm og eru afleiðingarnar lágt sjálfsmat, börnin geta falið eða neitað fyrir mistök sín og geta orðið snillingar í að afsaka sig.

Fortölur og gylliboð er stjórnunaraðferð sem hinn fullorðni notar með viðurkenningu og hólí. Jákvæðri styrkingu er beitt með því að fá barn til að gera hitt og þetta fyrir verðlaun eða borgun. Kosturinn er sá að starfsmaður nær sambandi við barnið og þessi aðferð gengur út á vinskapi og gamansemi til að hafa áhrif á aðra manneskju. Það neikvæða er að barnið gerir starfsmanni til geðs og jafnvel engum öðrum. Börnin gera kannski eitthvað fyrir einn ákveðinn starfsmann en engan annan. Við viljum því nota fortölur og gylliboð í sem fæstum tilvikum, helst aldrei.

Reglufesta byggir á viðurlögum og reglum. Að reglurnar séu virtar og farið sé eftir þeim. Börnin vita hver viðurlögin eru ef reglurnar eru brotnar. Þessi aðferð byggir á kenningu um samband milli áreitis og viðbragðs. Afleiðingin er hlýðni og fylgispekt. Það er mjög gott að setjast niður með börnum og vera með þeim að semja reglur sem gilda eiga í hópnum. Þá geta börnin hjálpað hvort öðru að fara eftir reglunum og muna þær. Við getum notað stutt inngrip til að hjálpa börnunum inn á rétta braut. Það er mjög mikilvægt að starfsmaður sé afslappaður í framkomu og það sé yfirvegund í röddinni. Starfsmaður stendur ekki yfir barni og ásakar það heldur beinir því á rétta braut. Hægt er að spyrja hvað það eigi að vera að gera núna, t.d. ef barn á að sitja við matarborð í matartíma en það er stöðugt að fara af stólum og flakka um. Þetta er hægt að gera t.d. með því að spyrja:

Er í lagi það sem þú ert að gera núna?	Hvenær ertu tilbúin?
Hvað get ég gert til að hjálpa þér?	Hvað átt þú að vera að gera núna?
Geturðu fundið aðra leið?	Hvernig get ég hjálpað þér?

Orðin sjálf eru 10% af skilaboðunum, 35% er tónninn í röddinni og 55% eru svipbrigði og líkamstjáning. Þetta er ekki endilega spurning um hvað við segjum heldur hvernig við segjum það og tjáum með líkamsbeitingu okkar.

Fyrstu fjórar aðferðirnar, það er refsing, vekja sektarkennd, fortölur og gylliboð eru aðferðir þar sem starfsmaður stjórnar barninu og tekur ábyrgð á hegðun þess. Uppbyggingarstjórnun byggir á því að starfsmaðurinn geri eitthvað með barninu og hjálpi því að taka ábyrgð á hegðun sinni. Lögð er áhersla á að barnið sé sinn eigin framkvæmdarstjóri og stjórnandi. Aðferðin er til að hjálpa barninu að lagfæra með því að gefa færi á að bæta fyrir mistök sín.

Einnig lítum við til John Dewey sem taldi að nám barna fælist fyrst og fremst í að þau fái að upplifa og prófa á eigin forsendum og þannig læri þau af reynslunni (learning by doing). Að okkar mati þá vinnur þetta tvennt mjög vel saman, þ.e. Dewey – learning by doing og uppeldi til ábyrgðar.

Leiðirnar í starfinu

Nám á leikskóla fer fram í daglegu starfi, allt sem við gerum hefur ákveðinn tilgang. Börnin læra að klæða sig í og úr útifötum, þau fá að skammta sér sjálf við matarborðið, hella sjálf og lagt er upp úr því að þau geti hjálpað sér sem mest sjálf. Kennarinn er þó alltaf til staðar til að hjálpa barninu að hjálpa sér sjálft og styðja það þegar það er að læra og tileinka sér nýja hluti. Rauði þráðurinn í daglegu starfi er og verður uppeldi til ábyrgðar.

Það er markmið okkar að allir fái að njóta sín á eigin forsendum. Við viljum leggja upp úr því að öllum líði vel, börnum, foreldrum og starfsfólki. Því ef okkur líður ekki vel þá getur dagurinn í leikskólanum orðið erfiður.

Börnin fara í sínar föstu stundir, morgunfundi, samverustundir, lubbastundir og hópastarf. Það eru sömu hóparnir í flestum þessara stunda og hver hópur hefur gert sinn samskiptasáttmála eða reglur þar sem börnin hafa sjálf sagt hvernig við eigum að koma fram við hvort annað. Málörvun er liður í daglegu starfi og hægt er að segja að allir stundir og öll okkar samskipti flokkist undir málörvun. Það er mikilvægt að baða börnin í orðum, setja orð á allar okkar gjörðir og athafnir.

Leikskólinn á að vera vettvangur þar sem allir:

- Taka virkan þátt í umræðum um ýmis málefni
- Hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum
- Bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum
- Vinna saman og aðstoða hvort annað
- Hafa val um verkefni og vinnubrögð
- Hafa áhrif á leikskólastarfið
- Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Vinna saman og aðstoða hvort annað
- Hafa val um verkefni og vinnubrögð
- Hafa áhrif á leikskólastarfið
- Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
- Vinna saman og aðstoða hvort annað
- Hafa val um verkefni og vinnubrögð
- Hafa áhrif á leikskólastarfið
- Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

5. Leikur, nám og námsumhverfi

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) segir að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skuli vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélag
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Í daglegu starfi er lögð áhersla á frjálsa leikinn, skapandi starf, markvissa málörvun, samvinnu, samskipti, vináttu og virðingu, hreyfingu og útveru. Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af virðingu fyrir andlegum og líkamlegum þörfum og heilsu barnanna. Markmiðið er að þau verði sjálfstæð og sjálfbjarga, fær um að leysa úr erfiðleikum og bera virðingu fyrir skoðunum og tilfinningum annarra. Umhverfi barnsins hefur mikið að segja og þess vegna einblínum við á að umhverfið sé áhugavert og að börnin hafi greiðan aðgang að þeim efnivið sem þau kjósa að leika og vinna með.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Í frjálsum leik tekst barnið á við ýmsa atburði úr eigin lífi og leysir úr atburðum hversdagsins. Það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt, það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallar hugmyndarfræði sem hver skóli tileinkar sér. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik og er jafnframt ein besta aðferð leikskólakennarans til að fylgjast með og meta líðan barnsins og getu á hinum ýmsu sviðum s.s. félags- og samskiptafærni og ýmsa aðra þætti sem kennarinn þarf að vera meðvitaður um. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppallendur barna sinna og bera megin ábyrgð á uppeldi þeirra.



Regluleikir:

Skipulagðir leikir og ýmis spil sem reyna á börnin félagslega flokkast undir regluleiki. Þau læra að vinna saman og virða einfaldar samskiptareglur, að bíða eftir að röðin komi að þeim, fylgjast með því hvernig aðrir gera hlutina og taka tillit til skoðanna annarra. Undir þetta flokkast lottó, samstæðuspil, teningaspil og vísna- og söguleikir.

Skynfæra- og hreyfileikir:

Þeir þjálfá meðal annars skynfæri, miðtaugakerfi, hreyfigetu, hugtakamyndun og skilning. Skynfæra og hreyfileikir birtast snemma hjá börnum. Í fyrstu eru þau aðallega upptekin af því að kanna umhverfi sitt og efla hreyfigetu sína. Þau handfjatla hluti, kanna eðli þeirra og lögun. Með auknum þroska fara þau að flokka hluti og raða þeim eftir eiginleikum þeirra, stærð, lögun og lit. Hreyfileikir njóta sín best í góðu rými og á vel búnu leiksvæði. Hreyfing og útvera eykur andlega og líkamlega vellíðan.

Í sköpunar- og byggingarleik

Í gegnum þá tjá börn tilfinningar sínar og þroska hugmyndaflug. Skapandi starf og sú færni sem börn öðlast, eflir sjálfstraust þeirra og styrkir sjálfsmyndina. Skapandi starf og byggingarleikir kalla fram löngun hjá börnum til að skapa og tengja saman ólík efni t.d. kubba, sand, leir, liti og móta úr efniviðnum eitthvað nýtt. Börn handfjatla fjölbreytt efni og kynnast eiginleikum þeirra.

Hlutverka- og ímyndunarleikir:

Endurspeglar reynsluheim barnanna. Þeir eru mikilvægir fyrir þroska þeirra, auðga hugmyndaflug og sköpunarfærni. Einnig eflist tilfinninga- félags- og málþroski. Þar geta þau rifjað upp það sem þau hafa heyrt og séð. Þau setja sig í spor annarra og fara í hin ýmsu hlutverk eftir sínum skilningi og þörfum. Börnin koma sér saman um hlutverk og tjá þau með persónulegum blæ. Börn gefa tilfinningum sínum lausan tauminn og endurspeglar líðan sína s.s gleði, sorg, reiði, afbrýðisemi og hræðslu.



6. Kennarinn

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmönnum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi (Aðalnámskrá leikskóla. 2011, bls. 8)

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga.
- Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik. Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja
- áhuga barna og styðja við nám þeirra.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.
- Gefa börnunum tækifæri að prófa hlutina á eigin forsendum svo þau geti lært af reynslunni.

7. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Námssvið leikskóla eru: Læsi og samskipti – heilbrigði og vellíðan – sjálfbærni og vísindi – sköpun og menning. Þessi námsvið eiga að:

- vera hluti af leik barnanna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskólans,
- vera heildstæð og byggja á reynslu barna
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að að vellíðan barna,

- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni
- stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum, daglegu lífi og leik barnsins. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiskonar leik- náms- og samverustundir bæði inni og úti. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur fyrir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eftt og styrkt. Þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

8. Læsi og samskipti

Í leikskólanum ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og ólíkum efnivið,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Með læsi er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Ef vel á að vera má segja að leikskólanámið sé í raun eitt samfellt lífsleiknínám. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbernsku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Mikilvægt er að orð og gerðir tengist þannig að hverskonar tjáning og orðaforði eigi sér stoð í veruleika barna. Tungumál er ekki innantóm orð, heldur verður það að tengjast gerðum/vinnu eins mikið og hægt er. Þess vegna er hverskonar starf og athafnasemi inni sem úti ómissandi. Börn þurfa líka að fá allskonar hluti og verkfæri í hendurnar til að framkvæma og þekkja heiti þess sem þau meðhöndla. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum heldur sé fléttað inn í allt starf leikskólans. Leikskólakennarinn er alltaf fyrirmynd bæði í daglegu tali og daglegum venjum. Í samveru og hvíldarstundum er lesið fyrir börnin og sagðar sögur, einnig er rímað, farið með þulur og farið í ýmsa málörvunarleiki sem er góður undirbúningur fyrir lestrarnám barna.

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á táknum sem gerð eru með höndunum og talmáli. Með TMT eru táknin alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hverrar setningar, eitt eða fleiri táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barnanna. TMT er notað í samverustundum, í söngstundum og við matarborðið til að tákna matinn og við aðrar aðstæður þegar þörf krefur.

PECS – er myndrænt boðskiptakerfi fyrir þau börn sem þurfa mikla aðstoð við að ná tökum á tungumálinu. Barnið fær möppu og í möppunni eru myndir af því sem barnið þarf og gerir í daglegu lífi. Barnið hefur tvær möppur eina til að hafa í leikskólanum og hina til að hafa heima. Þessi vinna byggir á miklu og góðu samstarfi á milli foreldra og leikskóla. Barnið notar myndirnar til að biðja um það sem það vill eða þarf í hvert skipti, kennari/foreldri tekur við myndinni og segir upphátt hvað barnið er að biðja um, t.d. ef barnið réttir kennara mynd af bolta þá segir kennarinn “bolti” og nær augnsambandi við barnið og barnið fær boltann. PECS hentar tvítyngdum börnum vel því þá geta þau æft sig á tveim tungumálum, móðurmálinu inn á heimilinu og íslensku á leikskólanum.

Lubbi finnur málbein- er efni sem við vinnum með á leikskólanum í sérstökum Lubbastundum. Í þessum stundum er unnið með málhljóð hvers stafs fyrir sig. Við vinnum í hverju málhljóði í tvær vikur. Vinnan gengur út á að tengja saman staf og hljóð, en hver stafur hefur sitt eigið tákn/hreyfingu. Í leikskólanum er Lubbaefnið notað á öllum deildum, en getan og vinnan verður meiri eftir því sem börnin eldast. Hjá yngstu er mest verið að hlusta á lög en hvert málhljóð hefur sitt lag og þá er bætt við hreyfingunni sem málhljóðið á. Eftir því sem börnin eldast þá bætist við vinnuna og þau finna t.d. orð sem byrja á málhljóðinu sem verið er að vinna með. Þau æfa sig að skrifa stafina og jafnvel teikna mynd af einhverju sem tengist málhljóðinu.

9. Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011):



Daglegt nám í leikskólanum er samþætt nám þar sem barnið lærir allan tímann við mismunandi aðstæður. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun og umhyggja er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Leikskólakennarar nota þau tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Við viljum leggja áherslu á hollt og næringarríkt mataræði, snyrtimennsku og kurteisi.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað í frjálsum leik, utan sem innandyr. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins. Barnið öðlast betri líkamsvitund og góð líkamleg færni leiðir af sér ánægðara barn.

Sjálfsöruggt og ánægt barn á auðveldara með að leika sér og tileinka sér þekkingu. Góð hreyfifærni hefur einnig jákvæð áhrif á málþroska og málskilning barns og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vinaböndin. Útvera er fastur liður í daglegu starfi Sólvala og markmið hennar er

- að efla líkams- og hreyfiþroska barnsins
- að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol

Í daglegri útveru fá börnin frjálsa hreyfingu í garðinum en einnig er farið í gönguferðir. Við reynum að fara út í öllum veðrum og nýttir þeir möguleikar sem náttúran býður upp á. Útvera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún er börnum holl og styrkir, eflir og eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útverunni gefast ótal tækifæri til náms, börnin sér þó að mestu frjálst en við förum einnig í skipulagða leiki.

Sjálfbærni og vísindi

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir (Aðalnámskrá leikskóla, 2011):

- umgengni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsleg geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- hringrásur og fyrirbærum í náttúrunni,
- nýtingu náttúrunnar,
- upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- eðli ýmissa krafta og birtingamyndum þeirra í umhverfinu,
- eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- rými, fjarlægðum og áttum

Kynni barna af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þeirra. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúru og náttúruvernd og þau fá að kynnast náttúrunni, veðrinu og árstíðunum. Við ræðum t.d. hvernig veðrið er úti áður en farið er í útveru og í hvaða föt er best að klæða sig í áður en farið er út.

Þar sem sveitarfélagið er aðili að EarthCheck verkefni sveitafélaganna á Snæfellsnesi er sorp flokkað í jarðgerð, plast, pappír og járn og almennt sorp. Börnin sjá starfsfólk flokka rusl og flokka það rusl sem tilfellur innan dyra í daglegu starfi. Í gönguferðum skoðum við okkar nánasta umhverfi og fræðumst um það. Markmið vettvangsferða er að víkka sjóndeildarhringinn, að tengjast nánasta samfélagi sínu og að kynnast nánasta umhverfi og náttúru.

Umhverfissáttmáli Leikskólans Sólvalla er eftirfarandi:

- að vekja athygli nemenda á náttúrunni og nánasta umhverfinu. Þannig að þeir læri að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.
- að flétta náttúruvernd, umhverfi og endurvinnslu inn í daglegt starf þar sem hægt er að koma því við.
- þannig geta nemendur og kennarar unnið að bættu umhverfi í skólanum og annar staðar og með því fengið aðra í lið með sér.

10. Sköpun og menning

Í leikskóla eiga börnin að fá rými til að nýta sköpun og tjáningu þeirra þar sem að þau fá að njóta sín og taka þátt í skapandi verkefnum. Börnin eiga að finna fyrir ánægju og gleði þegar sköpunarkraftar þeirra eru nýttir. Þau eiga að fá að vinna með og kanna allskonar efnisvið og nýta fjölbreytta tækni sína. Ásamt því fá þau að kynnast bókmenntum, sögum og ævintýrum, þau læra texta og taka þátt í söng þar sem að sköpun og tjáning ýtir undir upplifun þeirra. Markmiðið er að börnin fái að taka virkan þátt í menningu, hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.

Sköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra, og reynslu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst, og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálfst sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Barn hefur mikla þörf fyrir að vera skapandi í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum, og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, og þjálfar rökhugsun.

Umhverfi barna á Sólvöllum er opið og aðgengilegt, og býður þannig upp á að hver og einn velji sér viðfangsefni eftir sínu áhugasviði. Miðað er við að nemandi geti fullnægt þörf sinni fyrir ákveðna starfsemi og flytji sig þannig sjálfur yfir í annað áhugamál. Þannig fær hinn "frjálsi andi" einstaklingsins að njóta sín miðað við eigin þroska og aldur. Þannig býður hver deild sínum íbúum að gera svo vel að njóta, vaxa og þroskast. Áherslan er á opin efnivið bæði hvað varðar efni til leiks eða sköpunar, það eflir andann og styrkir sálina.

Menning og samfélag

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins og nærumhverfi þess. Á þeim árum sem leikskólinn hefur starfað hafa orðið til ákveðnar hefðir og eru þær mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.

11. Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem þau er að fást við og áhuga þeirra, hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar notum við til að styðja við nám og velferð þeirra en einnig við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Þetta mat eða ferli á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og við nýtum okkur það við skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Markmiðið er að auka þekkingu okkar og skilning á þroska barnsins, námi og líðan þess og þeirri þekkingu miðlum við svo til foreldra. Matið á einnig að tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Matið á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og mikilvægt er að við getum nálgast börnin á þeirra áhuga og getusviði. Matið á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli alls þessa skal veita börnunum námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

12. SÉRKENNSLA/ SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Í leikskólum eru börn frá ólíkum menningarheimum og með mismunandi atgervi. Leitast skal við að hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Börn sem glíma á einhvern hátt við frávik í þroska, hvort heldur er mál- félags- eða líkamsþroski og hafa verið metin af viðurkenndum greiningaraðila, eiga rétt á sérfræðiþjónustu innan leikskólans. Eins og kemur fram í 21. grein laga um leikskóla, er sveitarfélögum skylt að reka sérfræðiþjónustu fyrir öll þau börn sem á þurfa að halda.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sér um þessa þjónustu og er hún sameiginleg fyrir leik- og grunnskóla á Snæfellsnesi. Í Leikskólanum Sólvöllum starfar fagfólk sem styður við mismunandi þarfir barnanna og aðstoðar þau í daglegum athöfnum.

Undir sérfræðiþjónustu leikskólans fellur m.a.:

- sérkennsla/stuðningur
- skólasálfræðingur
- talmeinafræðingur

Einstaklingsnámskrár eru gerðar til að skipuleggja starf með þeim börnum sem þurfa á sérkennslu og stuðningi að halda. Aðstoðarleikskólastjóri og/eða þroskaþjálfari útbýr einstaklingsnámskrána í samráði við deildarstjóra og stuðningsaðila. Í einstaklingsnámskránni eru sett fram langtíma og skammtíamarkmið sem stuðst er við í sérkennslutímum og í starfi inni á deild. Þessi markmið eru yfirfarin reglulega og sett fram ný þegar eldri markmið hafa náðst.

Námsmat: Við mat á hæfni og vellíðan nemenda eru notaðar fjölbreyttar aðferðir t.d. staðlaðar kannanir, skráningar og ljósmyndir. Matið er einstaklingsmiðað og gert til að efla einstaklinginn svo hægt er að veita hverju honum tækifæri og stuðning við hæfi svo hann geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Hér eru nefndar helstu athuganir sem við styðjumst við:

MOT 4-6: MOT 4-6 mælir hreyfiproska barna á aldrinum 4-6 ára. Prófið byggir á 18 verkefnum sem öll miða að því að kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Eins og segir hér að framan þá tekur prófið á aldurshópi (4-6 ára) sem er á mörkum þess að vera hægt að hreyfigreina en slíkt vill oft gleymast í umræðu um þetta hreyfiproskapróf

TRAS: TRAS er skráning á málþroska 2 - 5 ára barna og er skráð 2x á ári, það fylgir börnunum í gegnum leikskólann. TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í. Hérlandis hefur ekki verið sambærilegt tæki sem leikskólakennarar geta notað til að fylgjast með málþroska ungra barna fyrr en TRAS kom til sögunnar. TRAS var þróað í Noregi og hefur verið í notkun á öllum hinum Norðurlöndunum í nokkur ár.

Aðrar skimanir og próf:

Eftirfarandi próf/listar eru lagðir fyrir ef þurfa þykir:

Íslenski smábarnalistinn (18 -36 mánaða).

Íslenski þroskalistinn (3ja – 6 ára).

Orðaskil málþroskapróf (18 - 36 mánaða).

PECS: PECS er myndrænt kerfi sem kennir barni að nota myndir til að tjá sig og styður þannig við talmálið. Þetta kerfi er ætlað fyrir þá sem þurfa aðstoð við talað mál og er einnig notað til að auka færni og frumkvæði í samskiptum.

Ferlimappan

Ferlimappan „Ég og leikskólinn minn“ er þróunarverkefni sem farið var af stað með við leikskólann árið 2004. Verkefnið var hluti af námi í stjórnun við KÍ sem Sigríður þáverandi leikskólastjóri stundaði. Markmið með ferlimöppunni er að skapa markvisst upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Ferlimappa sem útbúin er fyrir hvern nemanda og eru settar í hana upplýsingar um þroska barna til sex ára. Nemandinn fær möppuna þegar hann byrjar í leikskólanum og fylgir hún honum í gegnum leikskólanámið og í hana eru settar ýmsar upplýsingar um barnið:

- Teikningar frá barninu eru settar inn yfir veturinn.
- Gerðar athuganir á almennri þekkingu barnsins.
- Gert hreyfiproskapróf MOT 4-6 ára.
- Skráðar niður upplýsingar um barnið og teknar myndir í leik og starfi.
- Inn í ferlimöppunna er settar upplýsingar um þroska barna á hverju tímabili þ.e. hvert skólaár er afmarkað í sér hólfi.

Skráðar upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir foreldraviðtöl eru settar í ferlimöppuna. Með því að halda ferlimöppu fyrir hvern nemanda eiga leikskóla-kennarar auðveldara með að halda utan um þroska og skólagöngu hans í leikskólanum. Ferlimappan gefur foreldrum kost á því að fylgjast með þroska og skólagöngu barnsins. Samskipti við heimili eflast þar sem foreldri getur gengið að upplýsingum um barn sitt í leikskólanum og allt er skráð á einn stað. Með því að halda ferlimöppu fyrir hvern nemanda er auðveldara að gera ráðstafanir ef um þroskafrávik er að ræða. Þegar nemandinn útskrifast frá leikskólanum fær hann möppuna með öllum þessum upplýsingum um leikskólagönguna.

Markmið ferlimöppunnar er:

- Að efla samskipti milli skóla og heimilis
- Að kennarar og foreldrar geti betur fylgst með þroska nemandans og borið saman við þau viðmið sem eru kynnt í ferlimöppunni.
- Að auðveldara sé að gera ráðstafanir ef þroski nemandans fylgir ekki aldursviðmiði.
- Að notkun möppunnar hjálpi kennurum að meta nám og framfarir nemenda.
- Að auðvelda foreldrum og kennurum að glöggva sig með árangursríkari hætti á því hvernig barninu miðar í þroska.
- Að þroski nemanda sé borinn saman við framvindu á þroska hans í fyrri athugunum og framfarir miðaðar við einstaklinginn sjálfan en ekki aðra nemendur.
- Að nemandinn sé mældur á eigin forsendum, en ekki borinn saman við aðra.
- Að matið sé einstaklingsmiðað en ekki hópmiðað.
- Að framfarir nemanda séu skoðaðar. Það sé horft til jákvæðra framfara.
- Að barnið er í brennidepli.
- Að nemandinn og hagsmunir hans séu útgangspunkturinn.

13. Fjölskyldan og leikskólinn

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 48) er fjallað um mikilvægi góðs samstarfs við foreldra. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og líðan barnanna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Í Leikskólanum Sólvöllum er mikið lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra og eru foreldrar alltaf velkomnir að tala við okkur og velkomnir í heimsókn.

Karellen

Karellen skráningarkerfið er notað bæði til að skrá mætingu barna svo kennarar viti alltaf nákvæman fjölda barna á deildinni. Þar eru einnig skráð helstu númer og grunnupplýsingar, t.d. heimilisfang. Auðvelt er að senda skilaboð til foreldra ef þess þarf, foreldrar geta einnig sent skilaboð til leikskólans sem og skráð veikindi eða frí þegar þess þarf.

Foreldrafundir og samtöl

Að hausti eru deildarskiptir fundir þar sem deildastjóri og aðrir kennarar hveirar deildar kynna og fara yfir námskrá deildarinnar og starfsáætlun vetrarins. Einnig myndast oft umræðum um hin ýmsu mál sem foreldrum finnst mikilvæg.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl þar sem deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal eru höfð á vorönn ár hvert. Kennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahópnum. Í viðtalinu fá foreldrar ferlimöppu barnsins til skoðunar í nokkra daga. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið, t.d. í tengslum við vottorð ef þess þarf. Einnig geta foreldrar hvenær sem er beðið um viðtal ef þeir vilja ræða um barn sitt sérstaklega.

Trúnaður og tilkynningaskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndar-yfirvöldum sbr. 13.gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er kosið í það í september á hverju ári. Að lágmarki 3 foreldrar sitja í ráðinu til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2.mgr. 4.gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólaskóla. (Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008)

Foreldrafélagið

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og hefur það eins konar skemmtanahlutverk. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum. Foreldrafélagið aðstoðar jólasveininn við að kaupa jólagjafir fyrir jólaball leikskólans. Hefur verið með grillveislu fyrir börn og foreldra og þá er leikskólinn með sýningu á verkum barnanna. Foreldrafélagið hefur einnig verið með páskaeggjaleit og svo stendur það fyrir hinum og þessum sýningum og skemmtunum sem börnin njóta góðs af.

14. Tengsl skóla og skólastiga

Vorið 2016 var stofnaður nýr leikskóli í Grundarfirði, leikskóladeildin Eldhamrar sem ætlaður er elstu börnum leikskólastigsins þ.e. aldrinum 5 – 6 ára. Með stofnun þessa leikskóla færast það starf sem kallað er Brúum bilið, frá Sólvöllum til Eldhamra. Samstarfið við Sólvalla og eldhamra felur aftur á móti í sér heimsóknir okkar á milli, við höldum þorablót saman og reynum að hittast með reglulegu millibili.

Samstarf við grunnskólann felur í sér að nemendur grunnskólans hafa komið í heimsókn á degi íslenskar tungu og lesið fyrir nemendur leikskólans. Við erum einnig að prufa samstarf sem felur í sér að nemendur á unglingastigi koma á leikskólann í vali. Þá koma þau einu sinni í viku í nokkrar vikur í senn. Þetta er enn á þróunarstigi. Einnig hafa leikskólinn og grunnskólinn verið saman á námskeiðum. Samstarf á milli þessara tveggja skólastiga í mótum og þróun.

Samstarfsaðilar

Í Aðalnámskrá segir að lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins og að gera þurfi ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélagsins þar sem leikskólinn starfar (Aðalnámskrá Leikskóla 2011, bls. 19). Í Leikskólanum Sólvöllum mætum við þessari beiðni um samstarf við grenndarsamfélagið með góðu samstarfi við hina ýmsu aðila utan skólans. Samstarfið felst m.a. í: vinnustaðahéimsóknum til foreldra til að kynnast því hvað þeir gera í sinni vinnu. En þær eru fastur liður í starfi elsta árgangs leikskólans. Þá er farið í heimsókn á vinnustað foreldra barnanna, þetta eru hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir sem eru í bænum, fiskverkanir, flutningafyrirtæki, skólar, matvöruverslunin og fleiri. Þetta er gert til að kynna börnunum hinar ýmsu stofnanir sem eru í bænum.

15. MAT OG EFTIRLIT MEÐ GÆÐUM LEIKSKÓLASTARFS

Samkvæmt lögum ber leikskóla að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Mat á skólastarfi er til að tryggja réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Matið er tvíþætt, annarsvegar mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og nefnist innra mat. Hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningamála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat:

Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats, og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats (Aðalnámskrá Leikskólans 2011 bl. 27).

16. Að lokum

Námskrá leikskólans er í stöðugri endurskoðun, þessi námskrá gildir í 2 ár, frá 2019-2021. Við munum engu að síður fara yfir námskrána vorið 2020 og svo aftur árið 2021.

Við höfum sem lokaorð okkar þessi góðu gullkorn:

